

## Aðstaða fyrir dúfnakofa í Hafnarfirði.

**Til** : Berglind Guðmundsdóttir  
**Frá** : atlibrendan@gmail.com  
**Heiti** : Aðstaða fyrir dúfnakofa í Hafnarfirði.  
**Málsnúmer** : 1504354  
**Málsaðili** : Sigurður Benedikt Björnsson  
**Skráð dags** : 13.04.2015 14:15:57  
**Höfundur** : atlibrendan@gmail.com

Sæl Berglind Guðmundsdóttir, í framhaldi af símtali okkar sendi ég hér formlega fyrirspurn til Hafnafjarðarbæjar um aðstöðu fyrir dúfnakofa.

Við erum nokkrir virkir meðlimir í fuglahundadeild Hundaræktunarfélags Íslands ( <http://www.fuglahundadeild.is/> ) sem stöndum á bakvið þessa umleitan til Hafnafjarðarbæjar um aðstöðu undir dúfnakofa. Við erum að leita eftir aðstöðu undir einni kofa sem væri ca: 10-12m<sup>2</sup> að stærð þar sem við gætum búið skjól fyrir okkar fugla sem við notum við æfingar með okkar hundum. Framkvæmd æfinga á fuglahundum með lifandi fugla við þær fer þannig fram að hundur á alls ekki að ná til fuglsins. Æfingar fara þannig fram að fuglinum er sleppt í æfingunni og hann flígur frjáls heim til baka í dúfnakofann. Það sem m.a. er verið að æfa hjá hundum er að hundur má alls ekki undir neinum kringumstæðum elta fugl sem flýur upp undan honum, hann á að stoppa um leið og fuglinn flígur af stað. Þessa æfingu er mjög erfitt og tímafrekt að æfa á villtum fuglum í nátturunni. Aðstaða fyrir dúfnakofa er því stór þáttur í því að hægt sé að nota ræktaða fugla við æfingar með standandi fuglahundum

Fyrir hönd okkar félaga förum við þess á leit við Hafnafjarðarbæ að fá aðstöðu undir dúfnakofa eins og áður sagði.

Með fyrirfram þökk um jákvæð viðbrögð

,  
Atli Ómarsson - 660-2843

Sigurður B. Björnsson - 853-8099